

---

## Endurbætur á Grafningsvegi efri, Grímsnes- og Grafningshreppi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 23. apríl 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar endurbætur á Grafningsvegi efri, Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grímsnes- og Grafningshrepps, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurbætur á Grafningsvegi efri í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fyrirspurn um matsskyldu. Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf, apríl 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Grímsnes- og Grafningshreppi með bréfi dags. 15. maí 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 20. maí 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 9. maí 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 14. maí 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 14. maí 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 10. maí 2019.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

##### Forsaga

Fyrirhugað var að leggja bundið slitlag á 11 km kafla á milli afleggjara við Nesjavelli og bæjarins Úlfjótavatns. Búið er að leggja bundið slitlag beggja vegna þessa vegkafla. Framkvæmdunum var áfangaskipt og búið var að hanna fyrri helming vegarkaflans, um 5 km, frá afleggjara að Nesjavöllum og rétt lengra en Hagavík. Til að tefja ekki fyrir endurbótum á veginum lagði Vegagerðin til við Skipulagsstofnun að framkvæmdir yrðu tilkynntar í tvennu lagi og þegar seinni áfangi vegkaflans væri fullhannaður yrði hann tilkynntur inn til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun samþykkti þá tilhögun. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila stendur til að ljúka framkvæmdum við fyrri áfanga Grafningsvegur efri í júní 2019.

##### Framkvæmdalýsing á seinni áfanga

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áætlað sé að klára endurbætur á Grafningsvegi efri á um 6 km kafla. Áætlað er að leggja bundið slitlag á veginn sem verði í heild um 6,5 metrar á breidd án fláa með 6,3 metra breiðu bundnu slitlagi og laga vegfláa sem uppfylli ekki öryggiskröfur. Til að uppfylla öryggiskröfur vegna vegfláa þarf á köflum að bæta við vegfláa vegna mishæða í landi, í upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem raskið sé hvað mest frá vegi megi búast við að það nái um 12-15 metra frá vegbrún. Fram kemur í matsskyldufyrirspurn vegna fyrri kafla



Grafningsvegur efri að hámarkshraði verður aukinn í 90 km/klst á Grafningsvegi. Hæðarlega vegarinn verður jöfnuð og mun vegurinn að jafnaði hækka um 10-20 cm ásamt því að ræsi verði endurnýjuð. Rask er áætlað um 5,1 ha í heildina og að það verði innan núverandi vegsvæðis.

Efnistaka er áætluð um 15.000 m<sup>3</sup> í heildina og áætlað er að efni verði sótt í Króksnámu. Króksnáma er ekki með starfsleyfi en sótt verður um það áður en framkvæmdir hefjast. Mögulega þarf að styrkja veginn að námunni sem er um 1 kílómetur á lengd og gera útskot svo vörubílar geti mæst á leiðinni.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu ná frá afleggjaranum að bænum Úlfjótuvatni og skammt suður af Hagavík þar sem fyrri framkvæmd mun enda. Vegkaflinn er innan vatnasviðs Þingvallavatns og einnig eru Þingvallavatn og Sogið á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Einnig liggur vegkaflinn við jaðar Villingavatns sem er á náttúruminjasrá.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

### Vatnafar og lífríki Þingvallavatns

Fram kemur að vatnasvið Þingvallavatns sé verndað með það að markmiði að vernda lífríki Þingvallavatns. Lífríki vatnsins er sérstætt og vatnasviðið að mestu þakið hrauni sem er mjög lekt. Helsti áhættuþátturinn er ef mengunarslys verði á framkvæmdartíma og verður unnið eftir ákveðnu verklagi til að minnka áhættu á óhöppum og lágmarka mengun ef óhöpp eigi sér stað.

### Gróður

Fram kemur að að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði á gróður. Fyrirhugað efnistökusvæði í Króksnámu er að hluta gróid mosa og lyngi og búið er að raska hluta þess nú þegar. Áætlað rask verði í núverandi vegsvæði, í heild munu um 5 ha af gróðri raskast og þar af rúmlega hálfur hektara votlendis og nokkrar vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi. Áhrifin eru staðbundin og framkvæmdin er ekki líkleg til að breyta einkennum gróðurfars á svæðinu.

### Ásýnd

Fram kemur að búast megi við staðbundnu raski á gróðri sem kunni að hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Jafnframt mun ásýnd efnistökusvæðisins breytast með auknu umfangi en ekki er talið að það breyti ásýnd á svæðinu verulega.

### Fuglalíf

Fram kemur liggja að hluta við Þingvallavatn og Sogið sem eru á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og að svæðið er mikilvægt fyrir himbrima, húsönd og gulönd. Ekki er gert ráð fyrir raski á búsvæðum fugla vegna framkvæmdanna en mögulegt ónæði geti orðið á framkvæmdartíma. Vegagerðin hafði samráð með Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi verndargildi svæðisins þegar fyrri áfangi endurbótanna hafðist og ekki var talin þörf á sértekum aðgerðum vegna framkvæmdarinnar.

### Fornminjar

Fram kemur að gerð hafi verið fornleifafræðirannsókn á svæðinu og niðurstöður þeirrar rannsóknar eru að 3 minjar hafi fundist í landi Ölfusvatns sem séu í hættu vegna framkvæmdarinnar. Um er að ræða sauðahús sem rifin voru um 1920 og eru helstu minjarnar sem í hættu eru rúst sem að hluta til hafi lent undir vegfyllingum þegar vegurinn var lagður. Fram kemur að lögð verði áhersla á að halda raski á fornleifum í lágmarki við framkvæmdirnar og að fornleifarnar verði merktar áður en framkvæmdir hefjist.



Minjastofnun telur að girða þurfi fornleifar af á meðan á framkvæmdum stendur. Einnig bendir stofnunin á að friðlýstar fornleifar eru í nánd við námu sem áætlað sé að sækja efni úr en tekur þó fram að hún telji að þær minjar séu ekki í hættu vegna efnisnáms.

Í svari framkvæmdaraðila segir að hann muni sjá til að minjarnar verði merktar, girtar af og að verktakar og aðrir starfsmenn séu meðvitaðir um þær.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps. Einnig liggur fyrir samþykkt deiliskipulag vegna Króksnámu.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grímsnes- og Grafningshrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurbætur á Grafningsvegi efri á um 6 km kafla. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ljóst er að með framkvæmdunum verður töluvert rask en það einskorðast við núverandi vegsvæði og efnistökusvæði. Með efnistöku úr Króksnámu mun ásýnd námunnar breytast að einhverju leiti en ólíklegt sé að það muni hafa áhrif á ásýnd svæðisins.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna vatnsverndar og vegna fornleifa sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar einkum með tilliti til kjörlandis dýra.

Framkvæmdasvæðið er ekki umfangsmikið og rask af völdum framkvæmdarinnar er einskorðað við vegsvæði og að mestu áður raskaða vegfláa. Fornminjar eru í hættu vegna framkvæmdarinnar en með boðuðum mótvægisáðgerðum, sem Minjastofnun Íslands fór framá í umsögn sinni, verður hægt að lágmarka rask af völdum framkvæmdarinnar. Einnig mun boðað verklag draga úr hættu á óhöppum vegna framkvæmdarinnar á þessu viðkvæma fuglasvæði.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felast fyrir og fremst í áhrifum á raski í nágrenni við vegstæðið. Um er að ræða búsvæði ýmissa fuglategunda sem munu verða fyrir ónæði og raski á framkvæmdartíma en ekki eru líkur á verulegu raski á búsvæðum þeirra. Óveruleg ásýndarbreyting kann að verða þar sem lagt verður bundið slitlag á áður ómalbikaðan veg. Minjastofnun Íslands



hefur sett fram skilyrði um aðgerðir til að koma í veg fyrir rask á fornleifum sem Vegagerðin hefur samþykkt.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júlí 2019.

Reykjavík, 6. júní 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson